

dómi. Og þar sem málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða umboðsmanni hins stefnda brunabótatélags og þrotabúinu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr. til hins fyrnefnda en 50 kr. til búsins.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sveinn Björnsson yfirréttmálaflutningsmaður f. h. St. Th. Jónssonar, greiði stefnda Sighvati bankastjóra Bjarnasyni f. h. Nye Danske Brandforsikringssekskap af 1864, 25 kr., og þrotabúi Jóns Gunnarssonar frá Holti í Mjóafirði 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1918.

Nr. 97/1917.

Garðar Gíslason
f. h. G. Gíslason & Hay Ltd.
gegn
Magnúsi Stefánssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandi Garðar Gíslason kaupmaður fyrir hönd firmans Garðar Gíslason & Hay Ltd. höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Húnavatnssýslu gegn Magnúsi Stefánssyni kaupmanni á Blönduósi til skaðabóta fyrir sammingsrof; var það dæmt í gestaréttinum 11. okt. f. á. og stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. des. f. á. og eru kröfur hans hér fyrir réttinum hinar sömu og fyrir gestaréttinum, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4905 kr. 25 au. í skaðabætur fyrir sammingsrof með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar fyrir gestaréttinum, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi, hvorttveggja eftir réttarins mati. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Mál þetta er svo vaxið sem hér segir: Þann 1. nóv. 1916 leitaðist áfrýjandi simleiðis fyrir hjá stefnda um kaup á gærum og haustull, og beiddi hann að gera sér tilboð, ef hann hefði þessar vörur til sölu, og svaraði stefndi þessari málaleitan 4. s. m. með svolátandi símskeyti:

»Gegn samþykki yðar strax sel eg yður hér á staðnum 1700—1800 tveggja stykkja búnt saltaðar sauðargætur fyrir 1 kr. 15 aura kilogrammið, alt gæruverðið greiðist reikning minn Islandsbanka Reykjavík 18. þ. m., 10% af gærutölnunni vigtast nú

af vigtarmanni og reiknast nettóvigt allra gæranna samkvæmt því. Vigtarmaður móttækur yðar vegna tölu og ásigkomulag gæranna, geymsluhússpláss ókeypis til næsta marzmán. ef þarf — að öðru leyti liggja gærurnar fyrir yðar reikning og ábyrgð, nema útskipun borga eg«. Áfrýjandi svaraði þessu tilboði með skeyti 6. s. m. svolátandi:

»Samþykkjum (gæru)kaupin samkvæmt símskeyti yðar $\frac{4}{11}$ og greiðslu eftir móttöku reiknings vigtar og pakkhússvottorða (vottorðs)«. Þegar stefndi hafði meðtekið þetta skeyti, lét hann eins og ráðgert var í tilboði hans, vigtarmann telja og veða gærurnar, og reyndust þær 1755 að tölu og 14015 kilogr. að þyngd. Hinn 7. s. m. sendi stefndi áfrýjanda reikning yfir kaupverðið, kr. 16.117.25, og vottorð vigtarmanns um tölu og þyngd gæranna; er þess í vottorðinu getið, að þær séu geymdar »í góðum kjallara undir svonefndu Möllerspakkhúsi hér á staðnum«. Skjöl þessi sendi stefndi í ábyrgðarbréfi með pósti, er koma átti samkvæmt áætlun til Reykjavíkur 15. s. m., en kom þangað eigi fyr en laugardaginn 18. s. m. síðdegis, og voru ábyrgðarbréf ekki látin úti frá pósthúsinu fyr en eftir miðaftan þann dag, og eftir að skrifstofu áfrýjanda var lokað. Þegar áfrýjandi 20. s. m. hafði kynt sér skjölin, þótti honum vanta vottorð um geymslu gæranna, eða skýrsla vigtarmannsins þar að lútandi ófullnægjandi, og sendi því stefnda samdægurs svolátandi skeyti: »Símið strax vottorð yðar um geymslu gæranna, þangað til teknar í vetur. Er íbúð eða verzlun í geymsluhúsinu«. Þessu skeyti svaraði stefndi næsta dag á þessa

leið: »Vegna sanningsrofa yðar að borga gærurnar hvorki 18. þ. m. eða næsta bankadag (gærdag) álit eg kaupin upphafin«. Þessu mótmælti áfrýjandi í skeyti samdægurs og krafðist að stefndi sendi vottorð um að gærurnar eftir greiðslu til stefnda væru eign firmans (G. Gíslasonar & Hay) og geymdar hjá honum, þangað til þær yrðu sendar þá um veturinn eftir ráðstöfun firmans, og mundi það þegar eftir móttöku slíks vottorðs greiða kaupverðið. Stefndi sinti þó eigi þessum mótmælum, en seldi gærurnar öðrum nokkru síðar. Áfrýjandi taldi þetta sanningsrof af hendi stefnda og að hann með þeim hafi bakað áfrýjanda fjártjón, er hann mat 35 aura á hverju kilogr. gæranna, með því að gæruverðið hefði verið hækkandi og orðið kr. 1.50 kilogr. um það leyti, sem samningur þeirra stefndu átti að fullgerast; er upphæð kröfu hans þannig 14015×35 a. eða kr. 4905.25.

Sér til varnar hefir stefndi haldið því fram, að eigi hafi fullgerst neinn samningur milli þeirra áfrýjanda um kaup á gærunum, með því að svar áfrýjanda í skeytinu 6. nóv. hafi eigi verið gilt eða fullnægjandi samþykki á tilboði stefnda í skeyti hans 4. nóv. en í svari áfrýjanda hafi verið vikið frá tilboðinu í verulegu atriði, þar sem gjalddaginn, er í tilboðinu var ákveðinn 17. nóv., hafi í svarinu verið gerður ótímabundinn. Bréf stefnda og reikning telur hann vera nýtt tilboð í framhaldi af hinu fyrra og sé þar hafnað breytingu áfrýjanda á tilboðinu, en gjalddaginn ákveðinn 18. nóv. eins og áður. En þessu nýja tilboði hafi áfrýjandi hafnað með skeytinu 20. nóv., þar sem hann krafðist nýs pakkhússvottorðs, er hann

hafi eigi átt rétt á, og með því að láta greiðslu færast fyrir í tækan tíma. Og ennfremur lítur stefndi svo á, að þó að samningur hefði gerst með skeytunum 4. og 6. nóv. þá hafi sér verið heimilt að ónýta hann, sakir samningsrofa áfrýjanda, er hann vanrækti að greiða kaupverðið á réttum gjalddaga.

Gegn þessum varnarástæðum stefnda tekur áfrýjandi það fram, að enginn vafi geti leikið á því, að stefndi, með því að svara eigi símskeyti áfrýjanda 6. nóv. og með því daginn eftir að láta vega gærurnar og senda áfrýjanda þyngdarvottorð og reikning yfir vörurnar með því verði, sem tiltekið var í skeytinu, hafi samþykkt að selja áfrýjanda vörurnar með þeim kjörum, er segir í símskeytinu 4. nóv. og með þeim breytingum og viðaukum, sem um getur í símskeyti áfrýjanda 6. s. m.; þessar breytingar og viðaukar séu svo óverulegir og sjálfsagðir í viðskiftum sem þessum, að áfrýjanda hafi eigi getað hugsast annað en að stefndi gengi að þeim, og stefndi hafi með því að svara eigi símskeytinu gefið áfrýjanda fulla ástæðu til að gera ráð fyrir því; stefndi hafi auðsjáanlega miðað gjalddagann 18. nóv. við það, að þá yrði þyngdar- og geymsluvottorðið komið í hendur áfrýjanda og breytingin á gjalddaganum, er áfrýjandi gerði, hafi þá aðeins verið sú, að hann miðaði við þann dag, er hann fengi vottorðin, en ekki við ákveðinn dag, enda hafi það verið réttara og eðlilegra, að ákveða gjalddagann þannig, því að áfrýjanda hafi ekki verið unt að borga fyr en hann fékk reikninginn og þyngdarvottorðið; og sama sé um geymsluvottorðið, það hafi stefnda að sjálfsögðu borið að láta

áfrýjanda í té, úr því að hann bauðst til að geyma gæurnar, en það hafi hann eigi gert, og þannig orðið þess valdandi, að greiðslan drógst, með því að neita um vottorðið og segja upp samningnum þegar í stað.

Það verður eigi talið rétt, er stefndi heldur fram, að eigi hafi verið samið til fulls um gærukaupin með símskeytunum 4. og 6. nóv., og að bréf stefnda og reikning 7. s. m. beri að skoða sem nýtt tilboð, er áfrýjandi hafi hafnað. Bæði bréfið og skjölin er því fylgdu, bera með sér að stefndi hefir litið svo á, að saman væri gengið með þeim áfrýjanda um kaupin. Í bréfinu segist stefndi senda áfrýjanda viktari- og pakkhúsvottorð á gærunum og reikning yfir þær, og í reikningnum segir beint: »sent yður samkvæmt símskeytum«, þ. e. símskeytunum 4. og 6. nóv. Í bréfinu og reikningnum er það að vísu tekið fram, að greiðsla eigi að fara fram eða stefndi vænti að greiðsla fari fram 18. nóv., en þetta sýnir eigi, að stefndi hafi eigi að öllu leyti fallist á svarskeyti áfrýjanda 6. nóv., með því að stefndi hafði fulla ástæðu til að gera ráð fyrir, að vottorðin og reikningurinn yrðu komin í hendur áfrýjanda nefndan dag eða jafnvel fyrri, og stefnda auk þess hlaut að vera ljóst að áfrýjandi gat eigi ínt greiðslu af hendu fyr en hann hafði meðtekið þessi skjöl. Og enn er það, að stefndi gerði áfrýjanda eigi viðvart um að neitt væri athugavert við símskeyti hans 6. nóv. eins og honum þó virðist hafa borið að gera tafarlaust, ef hann áleiti samþykkið ófullnægjandi. Þar sem ætla verður eftir þessu, að samningur um gærukaupin hafi verið fullger með símskeytum 4. og 6. nóv., kemur næst til

álita, hvort áfrýjandi hafi vanhaldið þann samning með því að draga greiðslu fram yfir umsamin gjald-daga. Áfrýjandi frestaði greiðslunni af því að honum þótti vanta pakkhúsvottorð, og símaði þegar í stað eftir því til stefnda. En stefndi hefir haldið því fram, að áfrýjandi hafi eigi átt rétt á að fá eða þurft á að halda frekara pakkhúsvottorði, en skýrslu vigtarmannsins, sem að framan er greind.

Þetta verður þó eigi heldur talið á rökum byggt, en það verður að skoðast eðlilegt og sjálfgefið samningsatriði, að áfrýjandi fór fram á að fá þetta vottorð, með því að það átti að vera honum trygging þess, að vörurnar, er hann hefði greitt verð þeirra, væru í hans vörzlu eða geymdar fyrir hann, svo að honum væri frjálst að ráðstafa þeim. Slíka tryggingu gat skýrsla viktarmannsins um það eitt, *hvar* vörurnar væru geymdar, eigi veitt áfrýjanda, en hins vegar bar stefnda, er hafði tekið að sér geymsluna, að láta áfrýjanda í té fullnægjandi vottorð um það. Þegar enn fremur er á það litið, að stefndi samkvæmt framansögðu álizt hafa samþykkt, að greiðsla færi eigi fram fyr en áfrýjandi hefði meðtekið frá stefnda skjöl þau, er ræðir um í símskeytinu 6. nív., þá verður eigi séð, að áfrýjandi hafi breytt á móti samningnum, þótt hann gengi eftir pakkhúsvottorði áður en hann greiddi kaupverðið, og þá eigi heldur að stefndi hafi haft lögmæta ástæðu til að segja samningnum slitið fyrir þá sök. Verður því að skylda hann til að greiða áfrýjanda eftir kröfu hans skaðabætur fyrir samningsrof.

Upphæð skaðabótakröfunnar hefir áfrýjandi mið-

að við verð á gærum er hann segir verið hafi kr. 1.50 kilogr. og jafnvel meira um það leyti sem samningnum skyldi fullnægt. Þessu til sönnunar hefir hann lagt fram 3 sölureikninga, og vottorð og símskeyti frá tveimur kaupmönnum um gæruverð í Kaupmannahöfn í nóv. 1916. Stefndi mótmælir þessum skjölum, lýsir það rangt, að gæruverðið hafi verið svo hátt sem þar segir; kveðst hann hafa selt sömu gæurnar, sem hann bauð áfrýjanda, fyrir rúmlega kr. 1.28 kilogr. eða alls fyrir kr. 18000,00 og boðið áfrýjanda að kaupa þær fyrir það verð, en hann hafði hafnað. Heldur stefndi því fram, að þar sem verðið á gærunum eftir hinu fyrra tilboði hans hafi átt að vera kr. 16.117.25, þá geti skaðabótakrafa áfrýjanda, ef nokkur væri, eigi orðið meiri en munurinn á þessum tveimur upphæðum, eða kr. 1882.75, með því að áfrýjandi hefði getað komist hjá frekara tjóni með því að taka hinu síðara tilboði stefnda, og megi hann sjálfum sér um kenna að hann eigi gerði það. Ennfremur fullyrðir stefndi, að áfrýjandi hafi átt að kaupa gæurnar fyrir aðra gegn litilfjörlegum ómakslaunum, og tjón það, sem hann hafi beðið við það, að ekki varð af kaupunum, hafi aðeins numið þessum umboðslaunum, er hann telur 2% af kr. 16.117.25 eða kr. 322.35. Á þessa staðhæfingu hefir stefndi þó enga sönnun fært, og getur hún eigi gegn mótmælum áfrýjanda komið til álita.

Áfrýjandi kannast við að stefndi hafi 26. nóv. 1916 gert honum kost á að kaupa sömu gæurnar fyrir 18000 kr. en kveðst ekki hafa sint því, af því að hann, eftir framkomu stefnda í þessum viðskifti,

um, hafi eigi treyst honum til að halda gerða samninga, og þá verið ráðinn í að halda samningnum að stefnda samkvæmt efni hans. — Þetta tilboð, er áfrýjandi sá sér eigi fært að sinna, virðist eigi geta komið til greina til að takmarka skaðabótakröfu áfrýjanda í þessu máli. — Og þar sem telja verður að áfrýjandi hafi eftir atvikum fært nægar sannanir fyrir því, að verð á gærum hafi verið kr. 1,50 kg. um það leyti, er samningnum skyldi fullnægt, verður að taka skaðabótakröfu hans til greina, og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 4905 kr. 25 aur. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 13. febr. f. á. til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Magnús Stefánsson greiði áfrýjanda Garðari Gíslasyni fyrir hönd G. Gíslason & Hay Ltd. 4905 kr. 25 aur. með 6% ársvöxtum frá 13. febr. f. á. til greiðsludags. Svo greiði stefndi áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum bera að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.